

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1139 Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði	Nesbala 122 170 Seltjarnarnes	Ágúst Eldismaður Róshildur Eldismaður 2 norðmenn á Notte Eldismenn			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	28.11.2023	29.11.2023	10,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 7 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

4.1.5 Eldissvæði

#### Niðurstaða eftirlits

Undirritaður fór í reglubundið eftirlit hjá Fiskeldi Austfjarða í Fáskrúðsfirði. Siglt var á Nötte út á eldisstöðina Fagraeyri, sem er staðsett sunnan megin í Fáskrúðsfirði. Tæmdur var dauðfiskur úr öllum kvíum á eldisstöðinni. Talverður dauði var í kvíunum þennan dag, flestur dauðfiskurinn var með vetrarsár (moritella viscosa). Talsverður fiskur var upp í yfirborði kvíanna og var hann háfaður upp af eldismönnum. Í lok dags voru Scale rammar færðir til á eldisstöðinni.

Í ljós kom að lifandi fiskur var settur ósvæfður beint í kvarnara sem kvarnar fiskinn niður í tank skipsins. Þetta atriði er brot á dýravelferðarlögum og verður sent til sérgreinadýralæknis heilbrigði og velferð eldisfiska.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Island.is](http://Island.is).

#### Starfsstöð

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði  
Nesbala 122  
170 Seltjarnarnes  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5204120930

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

## Tengiliðir

Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri
Fiskeldi Austfjarða hf.	+4795909675	kjartan@icefishfarm.com	Kjartan - Production manager
Erlendur Guðmar Gíslason	822-5056	elli@icefishfarm.com	Eldisstjóri
Ingólfur Sigfússon		ingo@icefishfarm.com	Stöðvarstjóri
Tanja Tómasdóttir	616-8516	tanja.tomasdottir@laxar.is	Gæðatengill
Sara Atladóttir	866-8239	sara.atladottir@laxar.is	Gæðatengill

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 27.10.2021

Alvarlegt frávik

---

**Sett inn: 20.06.2023**

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

**Sett inn: 27.10.2021**

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

Samkvæmt reglugerð:

**35. gr., 46. gr.og viðauka V í reglugerð nr. 540/2020.**

Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, prammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis(hnita) í rekstrarleyfi.

4.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 29.11.2023

Í lagi

---

Bátur sigldi yfir og lenti utan í hanafót með skrúfunu. Hanafóturinn festist ekki í skrúfunni en særðist lítilega.

Eftirlitsmaður spurði eldismenn á bát hvort að tilefni væri ekki til að skipta út hanafætinum. Eldismenn svöruðu í þá átt að ef 10% eða minna myndi skafast af hanafæti, væri það metið öruggt.

Mynd 1



Mynd 2



---

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

## 5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

### 5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 20.06.2023

Úrbótaáætlun  
Frestur: 1.11.2023

Vantar skráningar samkvæmt verklagsreglum vegna slátrunar og útsetningu seiða.

#### **Viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.**

Á bara við ef hámarkslífmassi í rekstrarleyfi er yfir 20 tonnum

Í gæðahandbók skulu vera að lágmarki eftirfarandi verklagsreglur:

? Um móttöku seiða þar sem m.a. kemur fram lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð, hvernig þjónustubátur kemur að eldiskví og skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví.

? Um losun á dauðfiski úr eldiskví þar sem tíðni þarf að koma fram.

? Um skiptingu á netpoka þar sem m.a. er gengið úr skugga um að engin göt séu á pokanum og að frágangur sé í lagi.

? Um hreinsun á netpoka.

? Um slátrun á fiski þar sem m.a. kemur fram hvernig sláturbátur kemur að eldiskví og skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

#### **Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

4.1.1 Bátar og flutningstæki	4.1.2 Dauðfiskur	4.1.3 Eldisbúnaður
4.1.7 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk	

---

Andri Snær Þorsteinsson  
andri@mast.is  
Sérfræðingur  
8448396

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikidi það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratrði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratrði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratrði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratrði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratrði 6.1. Stjórnslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis